



11. apríl 2017

Smásöluvísitala Rannsóknaseturs verslunarinnar:

Rífasti gangur í húsgagna- og byggingavöruverslun

Aukin umsvif í byggingaframkvæmdum komu greinilega fram í sölutölum byggingavöruverslana í marsmánuði. Þetta á bæði við um almennar byggingavörur svo og sérhæfðar verslanir sem selja gólfefni. Sömuleiðis var umtalsverð veltuaukning hjá húsgagnaverslunum og verslunum sem selja stór heimilistæki. Velta húsgagnaverslana jókst um 21,2% frá mars í fyrra og verð á húsgögnum lækkaði um 8,9% á þessu tímabili og velta byggingavöruverslana jókst um 13,3% en verð á byggingaefni hélst óbreytt frá mars í fyrra. Velta stórra raftækja jókst um 9,5% og verð þeirra var 5,9% lægra en fyrir tólf mánuðum síðan.

Athyglisvert er að velta í dagvöruverslun var nokkru meiri í mars síðastliðnum heldur en í sama mánuði í fyrra. Þetta þrátt fyrir að páskafrí hafi verið í mars í fyrra en mánuði síðar ár, - en páskamánuðurinn er jafnan mun söluhærri en næstu mánuðir á undan og eftir. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir þessum árstíðamun nam veltuaukning dagvöruverslana 5,1%. Verð á dagvöru fer lakkandi, eins og á flestum öðrum vörutegundum, og var 2,2% lægra en fyrir ári síðan.

Velta fataverslunar í mars var 6,4% minni en í sama mánuði í fyrra. Kemur þar annars vegar til að hætt var rekstri nokkurra stórra fataverslana í byrjun þessa árs og hins vegar að staðið hefur yfir endurskipulagning á öðrum fataverslunum að undanfögnu. Þar að auki má ætla að töluverður hluti fataverslunar Íslendinga fari fram erlendis þar sem mikil aukning hefur orðið í ferðum landsmanna til útlanda. Fatakaupmenn sem RSV hefur rætt við eru almennt sammála um að þó dregið hafi úr fatasölu á heildina litið sé aukning í sölu á dýrari merkjavöru, sem sé mjög samkeppnisfær við sambærilegar vörur í erlendum verslunum. Þannig virðist sem mestur samdráttur sé í sölu ódýrari fatnaði.

Óvenjulegt er að merkja samdrátt í sölu snjallsíma, eins og reyndin var í mars. En sala þeirra dróst saman um 16,9% frá sama mánuði í fyrra. Líklegasta skýringin er að í mars fyrir ári var nýkomin á markað ný útgáfa af vinsælum snjallsímum en sú var ekki raunin í ár.

mars 2017	Breytilegt verðlag		Fast verðlag		Árstíðaleiðrétt fast verðlag	
	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári	Breyting frá síðasta mánuði	Breyting frá síðasta ári
Dagvara	11,2%	0,1%	12,0%	2,4%	-1,0%	5,1%
Áfengi	17,1%	7,1%	17,2%	6,9%	2,8%	5,8%
Föt	21,8%	-6,4%	13,5%	-2,6%	-3,3%	-8,0%
Skór	19,8%	5,0%	7,9%	4,9%	-7,3%	6,3%
Húsgögn	20,7%	21,2%	27,3%	33,1%	5,1%	31,8%
Byggingavörur	19,0%	13,3%	18,8%	13,2%		
Hvít raftæki	30,3%	9,5%	33,6%	16,5%	17,4%	18,9%
Brún raftæki	11,0%	7,7%	14,6%	31,1%	3,2%	32,1%
Farsímar	20,3%	-16,9%	19,5%	-9,4%	2,7%	-9,5%
Tölvur	11,8%	-4,5%	10,7%	1,1%	0,2%	3,1%

[Talnaefni](#)

Velta í dagvöruverslun jókst um 0,1% á breytilegu verðlagi í mars miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 2,4% á föstu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum jókst velta dagvöruverslana í mars um 5,1% frá sama mánuði í fyrra. Verð á dagvöru lækkaði um 2,2% á síðastliðnum 12 mánuðum og var í mars 0,8% lægra en í mánuðinum á undan.

Sala áfengis jókst um 7,1% á breytilegu verðlagi í mars miðað við sama mánuð í fyrra og jókst um 6,9% á föstu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum dróst velta áfengisverslana í mars saman um 100% frá sama mánuði í fyrra. Verð á áfengi var 0,2% hærra í mars síðastliðnum og 0,1% lægra en í mánuðinum á undan.

Fataverslun dróst saman um 6,4% í mars miðað við sama mánuð í fyrra á breytilegu verðlagi og dróst saman um 2,6% á milli ára á föstu verðlagi. Verð á fötum var 3,9% lægra í mars síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra.

Velta skóverslunar jókst um 5% í mars á breytilegu verðlagi og jókst um 4,9% á föstu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra. Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum jókst skósala um 6,3% frá sama mánuði í fyrra á föstu verðlagi. Verð á skóm hækkaði í mars um 0,1% frá mars í fyrra.

Velta húsgagnaverslana var 21,2% meiri í mars en í sama mánuð í fyrra á breytilegu

verðlagi og jókst um 33,1% á föstu verðlagi. Velta sérvæslana með rúm jókst um 32,8% frá því í fyrra á breytilegu verðlagi. Velta sérvæslana með skrifstofuhúsgögn jókst um 11,7% á breytilegu verðlagi. Verð á húsgögnum hefur lækkað um 8,9% á síðustu 12 mánuðum.

Verslun með byggingavörur jókst í mars um 13,3% í mars á breytilegu verðlagi og jókst um 13,2% á föstu verðlagi. Verð á byggingavöru er 0% lægra en fyrir tólf mánuðum síðan. Þá jókst velta gólfefnæverslana um 15,1% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra.

Velta í sölu á tölum minnkaði í mars um 4,5% á breytilegu verðlagi miðað við sama mánuð í fyrra og farsímasala dróst saman um 16,9%. Sala minni raftækja, svokallaðra brúnvara, jókst um 7,7% á breytilegu verðlagi en sala stærri raftækja, svokallaðra hvítvara, jókst um 9,5% á milli ára.

Nánari upplýsingar veitir Árni Sverrir Hafsteinsson arni@bifrost.is og í síma 868-4341